

Hvalfjarðarsveit, 18. apríl 2017.

Grunnskóli Stykkishólms
skólastjóri, Berglind Axelsdóttir
netf: berglind@stykk.is

Hinn 11. apríl s.l. skoðuðu starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV) húsakynni Grunnskólans Stykkishólmi að beiðni byggingar- og skipulagsfulltrúa og skólastjóra Grunnskólans vegna kvartana sem borist hefðu frá nemendum um óþægindi og slæma líðan í ákveðnum stofum skólans. Grunur léki á að mygla gæti valdið þessum óþægindum. Tvær kennslustofur voru sérstaklega skoðaðar með myglu í huga, Súgandisey, kennslustofa 9. bekkjar og Arnarey, kennslustofa 7. bekkjar.



Séð inn í Súgandisey, kennslustofa 9. bekkjar




Ónýtt gler í glugga í Súgandisey

Báðar stofurnar eru inn af bókasafni skólans, í suður- og norðurenda bókasafnsins. Í stofunum er tvöfalt gler, ónýtt í nokkrum gluggum, þannig að einangrunargildi þeirra hefur fallið auk þess sem útfellingar myndast við leka milli glerja. Ekki var hægt að merkja mikinn raka í útveggjum nema í norðausturhorni kennslustofu 7. bekkjar.



Séð inn í Arnarey, kennslustofu 7. bekkjar



Rakaskemmdir við glugga í Arnarey og gler ónýtt

Starfsmenn HeV álíta ekki að mygla sé að valda nemendum óþægindum í ofangreindum kennslustofum.

Það sem vakti hins vegar athygli HeV var að lofthreinskerfi skólans væri ekki hreinsað reglulega. Þetta ætti sérstaklega bvið um loftræstistokka. Það er ekki nóg að skipta bara um síubúnað við loftræstirými í kjallara. Ryk og önnur óhreinindi geta safnast fyrir í loftræstistökkum sem dreifast síðan í kennslurými þegar heitu lofti er blásið inn í stofurnar.

Í Grunnskólanum er tvöfalt kerfi, annað fyrir útloftum og hitt fyrir upphitað loft sem blásið er inn í kennslustofur og annað rými. Ofnakerfi í kennslustofum nægir ekki til að halda hitastigi viðunandi.

Sérstök þjónustubók á að liggja fyrir um öll vélræn loftræstikerfi, sem segja á til um viðhald og tíðni þrifa. Þá þarf að liggja fyrir þjónustuhandbók sem sýnir þrifaáætlun, dagsetningu þrifa, hvað var gert og hver framkvæmdi verkið.

HeV telur nauðsynlegt að þessi þrif fari fram hið fyrsta þannig að komast megi hjá miklum líkum á húsasótt.

Þá bendir HeV á önnur atriði sem þarf að bæta:



Raki í loftplötum í matsal

1. Í matsal eru hljóðeinangrandi plötur í lofti. Á einum stað mátti sjá plötur sem blotnað höfðu vegna leka í lofti. Þessar plötur þarf að fjarlægja. Þær safna í sig raka og geta valdið viðkvæmu fólki óþægindum.
2. Á gólfu í bókasafni er gamalt teppi sem þrifið er reglulega með ryksugu. Teppi á gólfum geta safnað í sig miklu ryki. Þannig þarf oft að fylgjast betur með þrifum á teppi. Teppi þarf að þrifa reglubundið með teppahreinsivél ef komast á hjá óþægilegri reykmenngun og gólfteppi á því ekki að vera hefðbundnum kennslurýmum.

HeV fer fram á að rekstraraðili sendi inn tímasetta áætlun um þrif vegna ofangreindra atriða. Þá skal rekstraraðili innan mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs senda inn upplýsingar um fyrirhugaðar bætur á húsnæði s.s. viðgerðar á gluggum og rakaskemmdum í matsal og kennslustofu 7. bekkjar.

Hafi viðtakendur þessa erindis athugasemdir við efni bréfsins skal gera athugasemdir innan hálf mánaðar frá dagsetningu þess.

Virðingarfyllst,


HEILBRIGÐISRÁÐIÐ
frankv.stj. heilbrigðisráðs.
VESTURLANDS

Samrit:

bygg@stykkisholmur.is; bergur@stykkisholmur.is